Hagtíðindi
Statistical Series

Mannfjöldi
Population

2006:1 • 15. febrúar 2006

# Búferlaflutningar 2005

## *Migration 2005*

*Samantekt*

Árið 2005 voru skráðar 68.335 breytingar á lögheimili í þjóðskrá. Í 56.649 tilvika var um að ræða búferlaflutninga innanlands, 7.773 fluttu til landsins og 3.913 frá því. Nær tveir af hverjum þremur flutningum innanlands urðu vegna flutninga innan sveitarfélags (35.758). Á árinu 2005 fluttu 37,7 á hverja 1.000 íbúa búferlum milli sveitarfélaga innan sama landsvæðis en 32,9 á hverja 1.000 fluttust milli landsvæða.

Árið 2005 einkenndist af umfangsmeiri flutningum til landsins en önnur ár. Aðfluttir umfram brottflutta í millilandaflutningum voru 3.860 samanborið við 530 ári áður. Tíðni aðfluttra umfram brottflutta var 13 á hverja 1.000 íbúa en fram til ársins 2005 varð þessi tala hæst árið 2000 (6,1 á hverja 1.000 íbúa). Í öllum landshlutum voru aðfluttir fleiri en brottfluttir í millilandaflutningum. Þar munar mestu um flutninga til Austurlands en í kjölfar virkjana- og stóriðjuframkvæmda þar hafa flutningar frá útlöndum aukist hröðum skrefum undanfarin þrjú ár. Árið 2005 voru aðfluttir umfram brottflutta í millilandaflutningum tæplega 116 á 1.000 íbúa á Austurlandi. Ef einungis er tekið mið af innanlandsflutningum til Austurlands vekur athygli að brottfluttir Austfirðingar voru fleiri en aðfluttir. Mestur tilflutningur í innanlandsflutningum var til landsvæða næst höfuðborgarsvæðinu, einkum á Suðurnesjum. Brottfluttir voru flestir á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra.

**Mynd 1. Tíðni aðfluttra umfram brottflutta til Ísl. eftir ríkisfangi 1996–2005**
*Figure 1. International net migration of nationals and foreign citizens 1996–2005*




Hagstofa Íslands

## Flutningar milli landa

*Flutningar til landsins umfangsmeiri en áður*

Árið 2005 var fólksfjölgun hér á landi mun meiri en mörg undanfarin ár. Þessi mikla aukning stafar öðru fremur af umfangsmiklum flutningum til landsins frá útlöndum. Aðfluttir umfram brottflutta í millilandaflutningum voru þannig hvorki fleiri né færri en 3.860 þetta ár (tafla 5). Mynd 1 sýnir að flutningsjöfnuður (aðfluttir umfram brottflutta) var mun meiri en nokkru sinni undangengin tuttugu ár. Undanfarna tvo áratugi hafa fólksflutningar milli landa sveiflast talsvert. Tíðni aðfluttra umfram brottflutta varð, fram til ársins 2005, hæst 6,1 á 1.000 íbúa (árið 2000) en nam á síðasta ári 13 á hverja 1.000 íbúa (tafla 5).

*Erlendum ríkisborgurum í flutningum til landsins fjölgar*

Allmikill munur hefur verið á flutningum íslenskra og erlendra ríkisborgara í flutningum til og frá landinu. Yfirleitt flytjast fleiri íslenskir ríkisborgarar frá landinu en til þess, en þessu hefur verið öfugt farið með erlendra ríkisborgara.

**Mynd 2. Fjöldi aðfluttra íslenskra og erlendra ríkisborgara 1986–2005**
*Figure 2. Immigration of nationals and foreign citizens 1986–2005*




**Mynd 3. Fjöldi brottfluttra íslenskra og erlendra ríkisborgara 1986–2005**
*Figure 3. Emigration of nationals and foreign citizens 1986–2005*



Aðeins eitt ár frá árinu 1986 hafa fleiri útlendingar flutt frá landinu en til þess (1992). Árið 2005 voru aðfluttir útlendingar umfram brottflutta nær 3.742 en aðfluttir Íslendingar umfram brottflutta 118 (tafla 5).

Mynd 2 sýnir heildarfjölda íslenskra og erlendra ríkisborgara sem fluttust til landsins á árunum 1986-2005. Alla jafna hafa fleiri íslenskir en erlendir ríkisborgarar verið í þessum hópi. Árið 2005 var þessu ekki þannig farið. Erlendir ríkisborgarar í flutningum til landsins voru 4.680, íslenskir ríkisborgarar 3.093 (tafla 5). Mynd 3 sýnir að litlar breytingar hafa orðið á fjölda þeirra sem flytjast frá landinu. Íslendingar eru þar mun fleiri en útlendingar. Á árinu 2005 fluttust 2.975 Íslendingar af landi brott samanborið við 938 útlendinga.

*Flestir erlendir ríkisborgarar frá Póllandi*

Fram undir miðjan 10. áratuginn voru einstaklingar með danskt ríkisfang yfirleitt fjölmennastir útlendinga í flutningum til landsins en eftir það hafa Pólverjar flest árin haft vinninginn. Árið 2004 er hér undantekning en þá fluttust hingað um helmingi fleiri Portúgalir (520) en Pólverjar (233). Árið 2005 voru Pólverjar flestir (1.539), Kínverjar voru 407 og Þjóðverjar 300 (tafla 6).

Algengustu áfangastaðir íslenskra ríkisborgara sem flytjast af landi brott voru Danmörk (1.460), Svíþjóð (375), Noregur (242), Bandaríkin (207) og Bretland (174). Mun fleiri Íslendingar flytjast jafnan til þessara landa en frá þeim. Árið 2005 voru aðfluttir Íslendingar þó heldur fleiri brottfluttir frá Bandaríkjunum, Noregi og Svíþjóð.

## Flutningar til landsins eftir kyni og aldri

*Mun fleiri erlendir karlar en konur flytjast nú til landsins*

Talsverður munur er nú á hlut kynjanna í búferlaflutningum milli landa. Árið 2005 fluttust hingað 4.782 karlar en einungis 2.991 kona (tafla 7). Svipað hlutfall má sjá í millilandaflutningum ári áður en fram að því reyndist lítill sem enginn munur á hlut kynjanna í flutningum til landsins. Athugun á hlut kynjanna eftir ríkisborgararétti leiðir í ljós að í hópi íslenskra ríkisborgara voru karlar og konur nánast jafnmörg (1.574 karlar og 1.519 konur) (tafla 8). Erlendir karlar voru aftur á móti meira en helmingi fleiri en erlendar konur (3.208 karlar á móti 1.472 konum).

*Fjöldi ungra barna meðal íslenska ríkisborgara sem flytjast til Íslands mikill*

Flestar rannsóknir á búferlaflutningum hafa leitt í ljós að fólk er líklegast til að flytjast búferlum snemma á fullorðinsárunum, ýmist einhleypt eða pör með mjög lítil börn. Eftir að 30 ára aldri er náð dregur yfirleitt hratt úr fólksflutningum. Þetta er vísbending um að fjölskyldur með stálpuð börn flytjist síður búferlum en smábarnafjölskyldur. Myndir 4 og 5 sýna að íslenskir ríkisborgarar sem fluttust frá útlöndum fylgdu í stórum dráttum þessu mynstri. Flestir þeirra sem fluttust til landsins voru á þrítugsaldri og börn undir fimm ára aldri voru ennfremur talsvert fjölmenn.

Nokkur munur er á aldri erlendra ríkisborgara og þeirra íslensku. Meðal erlendra ríkisborgara voru börn mun fámennari en meðal þeirra íslensku. Erlendar konur eru nokkru yngri en íslenskar kynsystur þeirra en að öðru leyti er aldur þeirra sambærilegur. Aftur á móti vekur athygli hversu margir karlar með erlent ríkisfang sem komu hingað til lands árið 2005 voru komnir yfir miðjan aldur (mynd 5). Aðfluttir erlendir karlar á fimmtugsaldri voru þannig litlu færri en erlendir karlar á þrítugs- og fertugsaldri. Aldursamsetning þeirra erlendu karla sem fluttust til landsins árið 2005 er því talsvert frábrugðin því sem almennt er í búferlaflutningum milli landa.

**Mynd 4. Fjöldi aðfluttra ísl. og erlendra karla í flutningum til landsins 2005**
*Figure 4. Immigration of Icelandic and foreign nationals 2005 (males)*




**Mynd 5. Fjöldi aðfluttra ísl. og erlendra kvenna í flutningum til landsins 2005**
*Figure 5. Immigration of Icelandic and foreign nationals 2005 (females)*




## Flutningar til einstakra landsvæða

*Flutningsjöfnuður neikvæður á Vestfjörðum og á Norðurlandi*

Athugun á flutningum til einstakra landsvæða árið 2005 sýnir að flutningsjöfnuður (aðfluttir umfram brottflutta) var alls staðar jákvæður nema á Vestfjörðum og Norðurlandi (vestra og eystra) (tafla 11). Í öllum landshlutum utan þessara þriggja var flutningsjöfnuður mun hærri en verið hefur undanfarinn áratug. Á Austurlandi var flutningsjöfnuður langhæstur þar voru aðfluttir umfram brottflutta 105,3 á hverja 1.000 íbúa. Flutningsjöfnuður hafði um langt árabil verið neikvæður á Austurlandi en með tilkomu virkjana- og stóriðjuframkvæmda hefur þróunin snúist við og undanfarin þrjú ár (2003-2005) hafa fleiri flust til þess landshluta en frá honum. Í öðrum landshlutum var flutningsjöfnuður hærri en undangenginn áratug.

**Mynd 6. Tíðni aðfluttra umfram brottflutta eftir landsvæðum 1996–2005**
*Figure 6. Net migration rate by region 1996–2005*




**Mynd 7. Tíðni aðfluttra umfram brottflutta í millilandaflutningum eftir landsvæðum 1996–2005**
*Figure 7. International net migration rate by region 1996–2005*




## Flutningar frá útlöndum til einstakra landsvæða

*Fjöldi aðfluttra frá útlöndum mestur til Austurlands*

Samanburður á innanlands- og millilandaflutningum leiðir í ljós talsvert ólíka mynd. Í öllum landshlutum voru aðfluttir frá útlöndum fleiri en brottfluttir. Í hlutfalli við fólksfjölda var flutningsjöfnuður (aðfluttir umfram brottflutta) langmestur á Austurlandi, 115,6 á hverja 1.000 íbúa (sjá mynd 3). Næstmestur var flutningsjöfnuður í millilandaflutningum á Vesturlandi (18,4) og á Vestfjörðum (15,1). Í ljósi mikils brottflutnings frá Vestfjörðum, vekur reyndar athygli að flutningsjöfnuður í millilandaflutningum þangað hefur allmörg undangengin ár verið hærri en í flestum öðrum landshlutum.

**Mynd 8. Tíðni aðfluttra umfram brottflutta í innanlandsflutningum eftir landsvæðum 1996–2005**

*Figure 8. Net internal migration rate by region 1996–2005*




## Flutningar innanlands eftir landsvæðum

*Flutningsjöfnuður í innanlandsflutningum neikvæður á Austurlandi*

Athugun á búferlaflutningum til einstakra landsvæða sýnir, að þrátt fyrir mikinn straum fólks frá útlöndum til Austurlands, voru brottfluttir þar fleiri en aðfluttir ef einungis er tekið mið af innanlandsflutningum. Flutningsjöfnuður í innanlandsflutningum var þannig neikvæður, þ.e. -10,4 á hverja 1.000 íbúa. Í einungis einu af sveitarfélögum með fleiri íbúa en 200 íbúa á Austurlandi, var flutningsjöfnuður jákvæður, í Fljótsdalshéraði (33,9 á hverja 1.000 íbúa).

*Fólksflótti mestur af Vestfjörðum*

Á einungis tveimur öðrum landsvæðum, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra var flutningsjöfnuður í innanlandsflutningum minni en á Austurlandi. Eins og mörg undanfarin ár fluttust hlutfallslega fleiri frá Vestfjörðum en nokkrum öðrum landshluta, tíðni aðfluttra umfram brottflutta í innanlandsflutningum var -39,2 á hverja 1.000 íbúa sem er jafn lágt og var á síðari hluta 10. áratugarins.

*Flutningsjöfnuður í innanlandsflutningum neikvæður á höfuðborgarsvæðinu*

Athugun á höfuðborgarsvæðinu leiðir í ljós að árið 2005 er eina árið undanfarna tvo áratugi þar sem fleiri flytjast frá höfuðborgarsvæðinu en til þess (miðað við innanlandsflutninga). Hér er að vísu um afar lága tölu að ræða, tíðni aðfluttra umfram brottflutta til höfuðborgarsvæðisins var -0,4 á hverja 1.000 íbúa árið 2005 samanborið við jákvæðan flutningsjöfnuð sem nam 3,4 2001-2004 og 8,9 árin 1996-2000. Ef litið er til einstakra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu var flutningsjöfnuður alls staðar jákvæður nema í Reykjavík (-7,4 á hverja 1.000 íbúa) og á Seltjarnarnesi (-21,3 á hverja 1.000 íbúa).

*Hæstur flutningsjöfnuður í innlandsflutningum á Suðurnesjum*

Athygli vekur að flutningsjöfnuður í innanlandsflutningum til landsvæða sem liggja að höfuðborgarsvæðinu var alls staðar jákvæður. Hæstur var flutningsjöfnuður á Suðurnesjum en þar voru aðfluttir umfram brottflutta 27,6 á hverja 1.000 íbúa. Þar var flutningsjöfnuður jákvæður í öllum sveitarfélögum.

## English summary

In 2005, the National registry recorded 68,335 changes of residence in Iceland where the population counts 295,864 inhabitants (mid-year population). Internal migration was registered in 56,649 cases, 7,773 individuals immigrated whereas 3,913 emigrated.

Measured in relation to the population, internal migration has increased in recent years. Internal migration rate amounted to 191.5 per 1,000 population, as compared to 191.1 in 2004 and 167.9 in the early 1990s. Net gains were most pronounced in areas in the vicinity of the capital region.

In 2005 international migration has been more pronounced than any other year. International net-migration was no less than 13 per 1,000 inhabitants. Apart from 2005 the highest peak in net-migration was 6.1 per 1,000 in the year 2000. All areas had net gains from international migration. Most gains were experienced in *Austurland*, a relatively sparsely populated area in the eastern part of the country where there are large scale industrial constructions. In this area, however, net internal migration was negative.

In 2005, the number of foreign citizens moving to Iceland from abroad was 4,680 as compared to 3,093 Icelandic nationals. Most immigrants of foreign nationality were from Poland (1,539), followed by immigrants from China (408) and Germany (299).

**Tafla 1. Búferlaflutningar innanlands 1986–2005**
*Table 1. Internal migration 1986–2005*

| | Fluttir alls *Total migration* | Innan sveitarfélags *Within municipality* | Milli sveitarfélaga *Between municipalities*: Alls *Total* | Innan landsvæðis *Within region* | Milli landsvæða *Bettween regions* |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fluttir innanlands alls** | | | | | |
| ***Total internal migration*** | | | | | |
| **Árleg meðaltöl.** ***Annual means*** | | | | | |
| 1986–1990 | 37.977 | 23.162 | 14.815 | 7.031 | 7.784 |
| 1991–1995 | 45.512 | 28.323 | 17.189 | 8.498 | 8.691 |
| 1996–2000 | 50.417 | 31.628 | 18.789 | 9.567 | 9.222 |
| 2001–2005 | 53.496 | 34.197 | 19.298 | 10.329 | 8.969 |
| 1991 | 43.414 | 26.668 | 16.746 | 8.336 | 8.410 |
| 1992 | 44.763 | 27.353 | 17.410 | 8.637 | 8.773 |
| 1993 | 44.802 | 27.813 | 16.989 | 8.563 | 8.426 |
| 1994 | 46.588 | 29.548 | 17.040 | 8.388 | 8.652 |
| 1995 | 47.994 | 30.234 | 17.760 | 8.567 | 9.193 |
| 1996 | 49.078 | 30.468 | 18.610 | 9.083 | 9.527 |
| 1997 | 48.886 | 30.298 | 18.588 | 9.406 | 9.182 |
| 1998 | 51.711 | 32.791 | 18.920 | 9.690 | 9.230 |
| 1999 | 53.792 | 34.386 | 19.406 | 10.097 | 9.309 |
| 2000 | 48.618 | 30.198 | 18.420 | 9.558 | 8.862 |
| 2001 | 48.934 | 30.586 | 18.348 | 9.582 | 8.766 |
| 2002 | 51.915 | 33.369 | 18.546 | 9.836 | 8.710 |
| 2003 | 53.281 | 34.860 | 18.421 | 9.871 | 8.550 |
| 2004 | 56.699 | 36.413 | 20.286 | 11.204 | 9.082 |
| 2005 | 56.649 | 35.758 | 20.891 | 11.152 | 9.739 |
| **Fluttir innanlands á hverja 1.000 íbúa** | | | | | |
| ***Internal migration per 1,000 population*** | | | | | |
| **Árleg meðaltöl.** ***Annual means*** | | | | | |
| 1986–1990 | 152,3 | 92,9 | 59,4 | 28,2 | 31,2 |
| 1991–1995 | 172,8 | 107,6 | 65,3 | 32,3 | 33,0 |
| 1996–2000 | 183,7 | 115,3 | 68,5 | 34,9 | 33,6 |
| 2001–2005 | 195,3 | 123,3 | 72,0 | 38,4 | 33,6 |
| 1991 | 167,9 | 103,4 | 64,9 | 32,3 | 32,6 |
| 1992 | 171,4 | 104,8 | 66,7 | 33,1 | 33,6 |
| 1993 | 169,8 | 105,4 | 64,4 | 32,5 | 31,9 |
| 1994 | 175,1 | 111,1 | 64,1 | 31,5 | 32,5 |
| 1995 | 179,5 | 113,1 | 66,4 | 32,0 | 34,4 |
| 1996 | 182,5 | 113,3 | 69,2 | 33,8 | 35,4 |
| 1997 | 180,4 | 111,8 | 68,6 | 34,7 | 33,9 |
| 1998 | 188,9 | 119,8 | 69,1 | 35,4 | 33,7 |
| 1999 | 194,1 | 124,1 | 70,0 | 36,4 | 33,6 |
| 2000 | 172,9 | 107,4 | 65,5 | 34,0 | 31,5 |
| 2001 | 171,7 | 107,3 | 64,4 | 33,6 | 30,8 |
| 2002 | 180,5 | 116,0 | 64,5 | 34,2 | 30,3 |
| 2003 | 184,2 | 120,5 | 63,7 | 34,1 | 29,6 |
| 2004 | 193,8 | 124,5 | 69,3 | 38,3 | 31,0 |
| 2005 | 193,6 | 122,2 | 71,4 | 38,1 | 33,3 |

**Tafla 2. Flutningsjöfnuður í flutningum innanlands eftir landsvæðum 1986–2005**
*Table 2. Net internal migration by regions 1986–2005*

| | Höfuðb.-svæði *Capital region* | Suður-nes *South-west* | Vestur land *West* | Vest-firðir *Vest fjords* | Norðurl. vestra *North-west* | Norðurl. eystra *North-east* | Austur-land *East* | Suður-land *South* | Ótil-greint *Unspeci-fied* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Flutningsjöfnuður** *Net migration* | | | | | | | | | |
| **Árleg meðaltöl** *Annual means* | | | | | | | | | |
| 1986–1990 | 1.266 | -49 | -248 | -220 | -169 | -230 | -150 | -204 | 3 |
| 1991–1995 | 1.082 | -89 | -218 | -238 | -117 | -126 | -195 | -99 | -1 |
| 1996–2000 | 1.470 | -37 | -126 | -342 | -243 | -292 | -287 | -143 | – |
| 2001–2005 | 470 | 74 | -43 | -201 | -151 | -93 | -104 | 48 | – |
| 1991 | 1.287 | -72 | -263 | -229 | -216 | -127 | -270 | -104 | -6 |
| 1992 | 576 | -128 | -167 | -95 | -49 | -1 | -169 | 33 | – |
| 1993 | 815 | -134 | -139 | -154 | 13 | -91 | -161 | -149 | – |
| 1994 | 1.104 | 33 | -266 | -272 | -168 | -183 | -160 | -88 | – |
| 1995 | 1.629 | -145 | -253 | -441 | -164 | -226 | -213 | -187 | – |
| 1996 | 1.745 | -133 | -229 | -363 | -287 | -270 | -208 | -255 | – |
| 1997 | 1.740 | -93 | -196 | -393 | -267 | -222 | -286 | -283 | – |
| 1998 | 1.760 | -83 | -137 | -342 | -306 | -373 | -347 | -172 | – |
| 1999 | 1.355 | -7 | -96 | -372 | -218 | -407 | -289 | 34 | – |
| 2000 | 750 | 130 | 27 | -239 | -139 | -187 | -305 | -37 | – |
| 2001 | 613 | 7 | -13 | -172 | -154 | -60 | -172 | -49 | – |
| 2002 | 634 | -122 | -16 | -184 | -140 | -21 | -106 | -45 | – |
| 2003 | 559 | -45 | -147 | -131 | -120 | -143 | 17 | 10 | – |
| 2004 | 615 | 47 | -110 | -216 | -132 | -136 | -128 | 60 | – |
| 2005 | -71 | 482 | 70 | -301 | -208 | -106 | -131 | 265 | – |
| **Flutningsjöfnuður á hverja 1.000 íbúa** *Net migration per 1,000 population* | | | | | | | | | |
| **Árleg meðaltöl** *Annual means* | | | | | | | | | |
| 1986–1990 | 9,1 | -3,3 | -16,7 | -21,8 | -16,0 | -8,9 | -11,4 | -10,1 | • |
| 1991–1995 | 7,1 | -5,8 | -15,1 | -25,1 | -11,3 | -4,7 | -14,9 | -4,8 | • |
| 1996–2000 | 8,9 | -2,4 | -9,0 | -39,5 | -24,9 | -11,0 | -23,2 | -6,9 | • |
| 2001–2005 | 2,6 | 4,3 | -3,0 | -25,5 | -16,4 | -3,5 | -8,6 | 2,2 | • |
| 1991 | 8,7 | -4,7 | -18,1 | -23,4 | -20,8 | -4,8 | -20,5 | -5,1 | • |
| 1992 | 3,8 | -8,3 | -11,5 | -9,8 | -4,7 | 0,0 | -12,9 | 1,6 | • |
| 1993 | 5,3 | -8,6 | -9,6 | -16,0 | 1,2 | -3,4 | -12,3 | -7,2 | • |
| 1994 | 7,1 | 2,1 | -18,5 | -28,6 | -16,2 | -6,8 | -12,3 | -4,2 | • |
| 1995 | 10,3 | -9,3 | -17,8 | -47,9 | -16,0 | -8,5 | -16,6 | -9,0 | • |
| 1996 | 10,9 | -8,5 | -16,3 | -40,7 | -28,5 | -10,1 | -16,4 | -12,3 | • |
| 1997 | 10,7 | -5,9 | -14,0 | -44,6 | -27,0 | -8,3 | -22,6 | -13,8 | • |
| 1998 | 10,6 | -5,3 | -9,8 | -39,4 | -31,4 | -14,0 | -27,9 | -8,4 | • |
| 1999 | 8,0 | -0,4 | -6,9 | -43,5 | -22,9 | -15,4 | -23,7 | 1,6 | • |
| 2000 | 4,3 | 8,0 | 1,9 | -29,1 | -14,7 | -7,1 | -25,4 | -1,8 | • |
| 2001 | 3,5 | 0,4 | -0,9 | -21,2 | -16,5 | -2,3 | -14,5 | -2,3 | • |
| 2002 | 3,5 | -7,3 | -1,1 | -23,0 | -15,1 | -0,8 | -9,0 | -2,1 | • |
| 2003 | 3,1 | -2,7 | -10,2 | -16,7 | -13,0 | -5,3 | 1,4 | 0,5 | • |
| 2004 | 3,4 | 2,8 | -7,6 | -27,6 | -14,6 | -5,1 | -10,2 | 2,8 | • |
| 2005 | -0,4 | 27,6 | 4,8 | -39,2 | -23,3 | -3,9 | -10,4 | 12,0 | • |

**Tafla 3. Aðfluttir umfram brottflutta frá útlöndum til einstakra landsvæða 1986–2005**
*Table 3. Net international migration by regions 1986–2005*

| | Alls *Total* | Höfuðb.-svæði *Capital region* | Suður-nes *South-west* | Vestur land *West* | Vest-firðir *Vest-fjords* | Norðurl. vestra *North-west* | Norðurl. eystra *North-east* | Austur-land *East* | Suður-land *South* | Ótil-greint *Unspeci-fied* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Aðfluttir umfram brottflutta** *Net migration* | | | | | | | | | | |
| **Árleg meðaltöl** *Annual means* | | | | | | | | | | |
| 1986–1990 | 129 | 57 | 21 | -9 | 8 | 9 | -12 | 21 | 36 | -2 |
| 1991–1995 | -326 | -170 | -28 | -7 | -22 | -5 | -23 | -27 | -40 | -2 |
| 1996–2000 | 668 | 353 | 38 | 45 | 89 | 28 | 24 | 23 | 69 | – |
| 2001–2005 | 990 | 320 | 49 | 60 | 36 | 7 | 11 | 424 | 83 | – |
| 1991 | 1.007 | 572 | 57 | 106 | 98 | 52 | 64 | 40 | 29 | -11 |
| 1992 | -254 | 68 | 15 | -79 | -109 | -19 | 34 | -55 | -109 | – |
| 1993 | -203 | -43 | -61 | -1 | -37 | -10 | -59 | 1 | 7 | – |
| 1994 | -760 | -407 | -78 | -56 | -18 | -34 | -47 | -77 | -43 | – |
| 1995 | -1.418 | -1.041 | -72 | -4 | -46 | -16 | -108 | -45 | -86 | – |
| 1996 | -444 | -489 | -46 | -9 | 119 | 0 | 43 | -10 | -52 | – |
| 1997 | 69 | -20 | -40 | 31 | 80 | 18 | -88 | 77 | 11 | – |
| 1998 | 880 | 423 | 48 | 55 | 225 | 23 | 30 | -12 | 88 | – |
| 1999 | 1.122 | 722 | 81 | 63 | 1 | 41 | 41 | 39 | 134 | – |
| 2000 | 1.714 | 1.129 | 148 | 85 | 19 | 57 | 92 | 19 | 165 | – |
| 2001 | 968 | 706 | 57 | 102 | 2 | -7 | -10 | -26 | 144 | – |
| 2002 | -275 | -341 | 24 | -30 | 27 | 9 | -30 | 10 | 56 | – |
| 2003 | -133 | -186 | 21 | -42 | 1 | 20 | 19 | 82 | -48 | – |
| 2004 | 530 | -75 | -26 | 1 | 36 | -48 | 8 | 593 | 41 | – |
| 2005 | 3.860 | 1.497 | 168 | 267 | 116 | 59 | 68 | 1.461 | 224 | – |
| **Flutningsjöfnuður á hverja 1.000 íbúa** ***Net migration per 1,000 population*** | | | | | | | | | | |
| **Árleg meðaltöl** *Annual means* | | | | | | | | | | |
| 1986–1990 | 0,5 | 0,4 | 1,4 | -0,6 | 0,8 | 0,8 | -0,5 | 1,6 | 1,8 | • |
| 1991–1995 | -1,2 | -1,0 | -1,8 | -0,5 | -2,4 | -0,5 | -0,9 | -2,1 | -1,9 | • |
| 1996–2000 | 2,4 | 2,0 | 2,3 | 3,2 | 10,2 | 2,9 | 0,9 | 1,8 | 3,3 | • |
| 2001–2005 | 3,4 | 1,8 | 2,9 | 4,1 | 4,6 | 0,7 | 0,4 | 35,0 | 3,9 | • |
| 1991 | 3,9 | 3,9 | 3,7 | 7,3 | 10,0 | 5,0 | 2,4 | 3,0 | 1,4 | • |
| 1992 | -1,0 | 0,5 | 1,0 | -5,4 | -11,2 | -1,8 | 1,3 | -4,2 | -5,3 | • |
| 1993 | -0,8 | -0,3 | -3,9 | -0,1 | -3,8 | -1,0 | -2,2 | 0,1 | 0,3 | • |
| 1994 | -2,9 | -2,6 | -5,0 | -3,9 | -1,9 | -3,3 | -1,8 | -5,9 | -2,1 | • |
| 1995 | -5,3 | -6,6 | -4,6 | -0,3 | -5,0 | -1,6 | -4,0 | -3,5 | -4,1 | • |
| 1996 | -1,7 | -3,1 | -2,9 | -0,6 | 13,3 | 0,0 | 1,6 | -0,8 | -2,5 | • |
| 1997 | 0,3 | -0,1 | -2,5 | 2,2 | 9,1 | 1,8 | -3,3 | 6,1 | 0,5 | • |
| 1998 | 3,2 | 2,5 | 3,0 | 3,9 | 25,9 | 2,4 | 1,1 | -1,0 | 4,3 | • |
| 1999 | 4,0 | 4,2 | 5,1 | 4,5 | 0,1 | 4,3 | 1,6 | 3,2 | 6,5 | • |
| 2000 | 6,1 | 6,5 | 9,1 | 6,0 | 2,3 | 6,0 | 3,5 | 1,6 | 7,9 | • |
| 2001 | 3,4 | 4,0 | 3,4 | 7,1 | 0,2 | -0,7 | -0,4 | -2,2 | 6,8 | • |
| 2002 | -1,0 | -1,9 | 1,4 | -2,1 | 3,4 | 1,0 | -1,1 | 0,8 | 2,6 | • |
| 2003 | -0,5 | -1,0 | 1,2 | -2,9 | 0,1 | 2,2 | 0,7 | 6,9 | -2,2 | • |
| 2004 | 1,8 | -0,4 | -1,5 | 0,1 | 4,6 | -5,3 | 0,3 | 47,4 | 1,9 | • |
| 2005 | 13,0 | 8,1 | 9,6 | 18,4 | 15,1 | 6,6 | 2,5 | 115,6 | 10,2 | • |

**Tafla 4. Búferlaflutningar milli landsvæða 2005**
*Table 4. Internal migration between regions 2005*

| | Flutningar alls *Total migration* | Frá höfuðb.-svæði *From Capital region* | Frá landsbyggð *From regions outside Capital region* Lands-byggð alls *Total outs. Cap. reg.* | Suður-nes *South-west* | Vestur-land *West* | Vest-firðir *Vest-fjords* | Norðurl. vestra *North-west* | Norðurl. eystra *North-east* | Austur-land *East* | Suður-land *South* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Alls milli landsvæða** | | | | | | | | | | |
| ***Total migr. between regions*** | **9.739** | **3.980** | **5.759** | **740** | **817** | **600** | **611** | **1.153** | **707** | **1.131** |
| **Til höfuðborgarsvæðis** | | | | | | | | | | |
| ***To Capital region*** | **3.909** | **•** | **3.909** | **541** | **586** | **363** | **356** | **759** | **410** | **894** |
| **Til landsbyggðar** | | | | | | | | | | |
| ***To regions outside Cap. reg.*** | **5.830** | **3.980** | **•** | **199** | **231** | **237** | **255** | **394** | **297** | **237** |
| Suðurnes *Southwest* | 1.222 | 933 | 289 | • | 46 | 71 | 26 | 47 | 49 | 50 |
| Vesturland *West* | 887 | 560 | 327 | 29 | • | 64 | 63 | 52 | 38 | 81 |
| Vestfirðir *Vestfjords* | 299 | 191 | 108 | 23 | 29 | • | 14 | 22 | 9 | 11 |
| Norðurl. vestra *Northwest* | 403 | 221 | 182 | 29 | 27 | 23 | • | 67 | 21 | 15 |
| Norðurl. eystra *Northeast* | 1.047 | 653 | 394 | 40 | 67 | 41 | 92 | • | 114 | 40 |
| Austurland *East* | 576 | 329 | 247 | 39 | 15 | 9 | 30 | 114 | • | 40 |
| Suðurland *South* | 1.396 | 1.093 | 303 | 39 | 47 | 29 | 30 | 92 | 66 | • |
| **Aðfluttir umfram brottflutta** | | | | | | | | | | |
| ***Net migration*** | **•** | **71** | **-71** | **-482** | **-70** | **301** | **208** | **106** | **131** | **-265** |
| **Til höfuðborgarsvæðis** | | | | | | | | | | |
| ***To Capital region*** | **-71** | **•** | **-71** | **-392** | **26** | **172** | **135** | **106** | **81** | **-199** |
| **Til landsbyggðar** | | | | | | | | | | |
| ***To regions outside Cap. reg.*** | **71** | **71** | **•** | **-90** | **-96** | **129** | **73** | **0** | **50** | **-66** |
| Suðurnes *Southwest* | 482 | 392 | 90 | • | 17 | 48 | -3 | 7 | 10 | 11 |
| Vesturland *West* | 70 | -26 | 96 | -17 | • | 35 | 36 | -15 | 23 | 34 |
| Vestfirðir *Vestfjords* | -301 | -172 | -129 | -48 | -35 | • | -9 | -19 | 0 | -18 |
| Norðurl vestra *Northwest* | -208 | -135 | -73 | 3 | -36 | 9 | • | -25 | -9 | -15 |
| Norðurl. eystra *Northeast* | -106 | -106 | 0 | -7 | 15 | 19 | 25 | • | 0 | -52 |
| Austurland *East* | -131 | -81 | -50 | -10 | -23 | 0 | 9 | 0 | • | -26 |
| Suðurland *South* | 265 | 199 | 66 | -11 | -34 | 18 | 15 | 52 | 26 | • |

**Tafla 5. Flutningar íslenskra og erlendra ríkisborgar milli landa 1986–2005**
*Table 5. International migration of Icelandic and foreign nationals 1986–2005*

| | Fluttir milli landa alls *Total external migration* | | | | Íslenskir ríkisborgarar *Icelandic citizens* | | | | Erlendir ríkisborgarar *Foreign citizens* | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Aðfl. umfram brottfl. *Net immi-gration* | Alls *Total* | Fluttir frá útlöndum *Immi-gration* | Fluttir til útlanda *Emi-gration* | Aðfl. umfram brottfl. *Net immi-gration* | Alls *Total* | Fluttir frá útlöndum *Immi-gration* | Fluttir til útlanda *Emi-gration* | Aðfl. umfram brottfl. *Net immi-gration* | Alls *Total* | Fluttir frá útlöndum *Immi-gration* | Fluttir til útlanda *Emi-gration* |
| **Fluttir milli landa alls** ***Total external migration*** | | | | | | | | | | | | |
| **Árleg meðaltöl** ***Annual means*** | | | | | | | | | | | | |
| 1986–1990 | 129 | 6.427 | 3.278 | 3.149 | -223 | 4.553 | 2.165 | 2.388 | 352 | 1.874 | 1.113 | 761 |
| 1991–1995 | -326 | 6.401 | 3.038 | 3.363 | -455 | 4.349 | 1.947 | 2.402 | 129 | 2.052 | 1.091 | 962 |
| 1996–2000 | 668 | 8.213 | 4.441 | 3.773 | -325 | 5.679 | 2.677 | 3.002 | 993 | 2.534 | 1.764 | 770 |
| 2001–2005 | 990 | 9.428 | 5.209 | 4.219 | -485 | 5.599 | 2.626 | 3.111 | 1.475 | 3.691 | 2.583 | 1.108 |
| 1996 | -444 | 7.772 | 3.664 | 4.108 | -1.038 | 5.850 | 2.406 | 3.444 | 594 | 1.922 | 1.258 | 664 |
| 1997 | 69 | 7.911 | 3.990 | 3.921 | -574 | 5.742 | 2.584 | 3.158 | 643 | 2.169 | 1.406 | 763 |
| 1998 | 880 | 8.244 | 4.562 | 3.682 | -233 | 5.809 | 2.788 | 3.021 | 1.113 | 2.435 | 1.774 | 661 |
| 1999 | 1.122 | 8.448 | 4.785 | 3.663 | 158 | 5.576 | 2.867 | 2.709 | 964 | 2.872 | 1.918 | 954 |
| 2000 | 1.714 | 8.692 | 5.203 | 3.489 | 62 | 5.420 | 2.741 | 2.679 | 1.652 | 3.272 | 2.462 | 810 |
| 2001 | 968 | 9.036 | 5.002 | 4.034 | -472 | 5.446 | 2.487 | 2.959 | 1.440 | 3.590 | 2.515 | 1.075 |
| 2002 | -275 | 8.705 | 4.215 | 4.490 | -1.020 | 5.740 | 2.360 | 3.380 | 745 | 2.965 | 1.855 | 1.110 |
| 2003 | -133 | 7.541 | 3.704 | 3.837 | -613 | 5.315 | 2.351 | 2.964 | 480 | 2.226 | 1.353 | 873 |
| 2004 | 530 | 10.170 | 5.350 | 4.820 | -438 | 6.114 | 2.838 | 3.276 | 968 | 4.056 | 2.512 | 1.544 |
| 2005 | 3.860 | 11.686 | 7.773 | 3.913 | 118 | 6.068 | 3.093 | 2.975 | 3.742 | 5.618 | 4.680 | 938 |
| **Fluttir milli landa á hverja 1.000 íbúa** ***External migration per 1,000 population*** | | | | | | | | | | | | |
| **Árleg meðaltöl** ***Annual means*** | | | | | | | | | | | | |
| 1986–1990 | 0,5 | 25,8 | 13,1 | 12,6 | -0,9 | 18,3 | 8,7 | 9,6 | 1,4 | 7,5 | 4,5 | 3,1 |
| 1991–1995 | -1,2 | 24,3 | 11,5 | 12,8 | -1,7 | 16,5 | 7,4 | 9,1 | 0,5 | 7,8 | 4,1 | 3,7 |
| 1996–2000 | 2,4 | 29,9 | 16,2 | 13,7 | -1,2 | 20,7 | 9,8 | 10,9 | 3,6 | 9,2 | 6,4 | 2,8 |
| 2001–2005 | 3,4 | 32,5 | 18,0 | 14,5 | -1,7 | 19,3 | 9,1 | 10,7 | 5,1 | 12,7 | 8,9 | 3,8 |
| 1996 | -1,7 | 28,9 | 13,6 | 15,3 | -3,9 | 21,8 | 8,9 | 12,8 | 2,2 | 7,1 | 4,7 | 2,5 |
| 1997 | 0,3 | 29,2 | 14,7 | 14,5 | -2,1 | 21,2 | 9,5 | 11,7 | 2,4 | 8,0 | 5,2 | 2,8 |
| 1998 | 3,2 | 30,1 | 16,7 | 13,4 | -0,9 | 21,2 | 10,2 | 11,0 | 4,1 | 8,9 | 6,5 | 2,4 |
| 1999 | 4,0 | 30,5 | 17,3 | 13,2 | 0,6 | 20,1 | 10,3 | 9,8 | 3,5 | 10,4 | 6,9 | 3,4 |
| 2000 | 6,1 | 30,9 | 18,5 | 12,4 | 0,2 | 19,3 | 9,7 | 9,5 | 5,9 | 11,6 | 8,8 | 2,9 |
| 2001 | 3,4 | 31,7 | 17,5 | 14,2 | -1,7 | 19,1 | 8,7 | 10,4 | 5,1 | 12,6 | 8,8 | 3,8 |
| 2002 | -1,0 | 30,3 | 14,7 | 15,6 | -3,5 | 20,0 | 8,2 | 11,8 | 2,6 | 10,3 | 6,5 | 3,9 |
| 2003 | -0,5 | 26,1 | 12,8 | 13,3 | -2,1 | 18,4 | 8,1 | 10,2 | 1,7 | 7,7 | 4,7 | 3,0 |
| 2004 | 1,8 | 34,8 | 18,3 | 16,5 | -1,5 | 20,9 | 9,7 | 11,2 | 3,3 | 13,9 | 8,6 | 5,3 |
| 2005 | 13,0 | 39,5 | 26,3 | 13,2 | 0,4 | 20,5 | 10,5 | 10,1 | 12,6 | 19,0 | 15,8 | 3,2 |

**Tafla 6. Búferlaflutningar milli landa eftir löndum 2005. Íslenskir og erlendir ríkisborgarar**
*Table 6. International migration by country 2005. Icelandic and foreign nationals*

| Aðflutnings-/ Brottflutningsland *Immigration/ Emigration country* | Aðfluttir umfram brottflutta *Net immigration* | | | Aðfluttir *Immigration* | | | Brottfluttir *Emigration* | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls *Total* | Íslenskir ríkisborgarar | Erlendir ríkisborgarar | Alls *Total* | Íslenskir Ríkisborgarar | Erlendir ríkisborgarar | Alls *Total* | Íslenskir ríkisborgarar | Erlendir ríkisborgarar |
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 |
| **Alls *Total*** | **3.860** | **118** | **3.742** | **7.773** | **3.093** | **4.680** | **3.913** | **2.975** | **938** |
| **Norðurlönd *Nordic countries*** | **216** | **85** | **131** | **2.627** | **2.196** | **431** | **2.411** | **2.111** | **300** |
| Danmörk *Denmark* | -103 | -127 | 24 | 1.488 | 1.333 | 155 | 1.591 | 1.460 | 131 |
| Finnland *Finland* | 26 | 9 | 17 | 61 | 24 | 37 | 35 | 15 | 20 |
| Færeyjar *Faroe Islands* | 14 | 12 | 2 | 56 | 27 | 29 | 42 | 15 | 27 |
| Grænland *Greenland* | 4 | 1 | 3 | 13 | 5 | 8 | 9 | 4 | 5 |
| Noregur *Norway* | 205 | 171 | 34 | 487 | 413 | 74 | 282 | 242 | 40 |
| Svíþjóð *Sweden* | 70 | 19 | 51 | 522 | 394 | 128 | 452 | 375 | 77 |
| **EES - utan Norðurl. *Other EEA-countries*** | **2.290** | **8** | **2.282** | **3.183** | **505** | **2.678** | **893** | **497** | **396** |
| Austurríki *Austria* | -5 | -11 | 6 | 23 | 10 | 13 | 28 | 21 | 7 |
| Belgía *Belgium* | 22 | 15 | 7 | 29 | 19 | 10 | 7 | 4 | 3 |
| Bretland *United Kingdom* | 23 | -18 | 41 | 234 | 156 | 78 | 211 | 174 | 37 |
| Eistland *Estonia* | 8 | – | 8 | 11 | – | 11 | 3 | – | 3 |
| Frakkland *France* | 18 | -9 | 27 | 72 | 35 | 37 | 54 | 44 | 10 |
| Grikkland *Greece* | – | – | – | 2 | 2 | – | 2 | 2 | – |
| Holland *Netherlands* | 43 | 31 | 12 | 74 | 52 | 22 | 31 | 21 | 10 |
| Írland *Ireland* | -18 | -20 | 2 | 8 | 2 | 6 | 26 | 22 | 4 |
| Ítalía *Italy* | 59 | 4 | 55 | 87 | 17 | 70 | 28 | 13 | 15 |
| Lettland *Latvia* | 80 | – | 80 | 86 | 1 | 85 | 6 | 1 | 5 |
| Litháen *Lithuania* | 178 | -6 | 184 | 207 | 6 | 201 | 29 | 12 | 17 |
| Lúxemborg *Luxembourg* | -19 | -19 | – | 36 | 36 | – | 55 | 55 | – |
| Malta *Malta* | 2 | 1 | 1 | 5 | 4 | 1 | 3 | 3 | – |
| Portúgal *Portugal* | 92 | -1 | 93 | 222 | 1 | 221 | 130 | 2 | 128 |
